

89 ur hreppsnefndum og hreppstjórum, snertandi fjallskilamál. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um, að leggja slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslunefndar.

76. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 5—100 kr. eftir málavöxtum, og renna þær í sveitarsjóð þess hrepps, þar sem brotið er framið.

77. gr.

Mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

78. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. sept. 1935 og fellur þá jafnframt úr gildi fjallskilareglugerð fyrir Skagafjarðarsýslu, nr. 29, frá 1. maí 1918 og eftirgreindar reglugerðir um breytingar og viðauka á henni: Reglugerð nr. 53, 3. maí 1919, reglugerð nr. 12, 9. apríl 1920, reglugerð nr. 13, 7. apríl 1923 og reglugerð nr. 49, 31. júlí 1924.

Reglugerð þessi sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna frá 1927, staðfestist hérmeð.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. ágúst 1935.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

90

17. ágúst

## S A M Þ Y K K T

um lokunartíma sölubúða á Siglufirði.

1. gr.

Öllum sölubúðum kaupmanna, kaupfélaga og heildsala skal lokað eftir því, er segir í 2., 3., 4. og 5. gr. Lyfjabúðir sem verzla með varning, sem verzlunarleyfi þarf til, mega ekki selja slíkan varning eftir lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. október til 30. júní skulu sölubúðir lokaðar virka daga frá kl. 7 síðd. til kl. 8 árdegis, á laugardögum þó frá kl. 4 síðd. Frá 1. júlí til 30. september frá kl. 7 síðd. til kl. 8 árdegis.

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum eigi lokað síðar en kl. 4 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir gamlárskvöld og aðfangadag jóla, skal heimilt að halda opnum búðum til miðnættis.

## 3. gr.

90

Sölubúðir skulu lokaðar alla helgidaga, sumardaginn fyrsta, 20. maí, 17. júní, 1. desember og 1. maí. 17. ágúst

## 4. gr.

Á lokunartíma sölubúða samkvæmt framansögðu er óheimilt að selja á strætum eða torgum nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi. Heimilt er þó að selja nauðsynjar til skipa á lokunartíma, en þó aðeins fyrir lokuðum dyrum.

## 5. gr.

Menn sem komnir eru inn í verzlun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er, þó ekki lengur en í hálf tíma.

## 6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum 20—500 krónum, og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögglumál.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

um fjallskil í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

91

22. ágúst

### I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála.

## 1. gr.

Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu er eitt fjallskilafélag, og teljast lönd allra jarða í hreppnum innan fjallskilasvæðisins.

## 2. gr.

Sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu hefir á hendi yfirstjórn allra mála fjallskilafélagsins samkvæmt sveitarstjórnarlögnum frá 31. maí 1927, en hreppsnefnd Kelduneshrepps hefir að öðru leyti alla stjórn og framkvæmd fjallskilamála.